


VATNSHOLTSVÖTN  
FISKIRANNSÓKNIR 1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 1989

VMST-V/89014X



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vesturlandsdeild

VATNSHOLTSVÖTN  
FISKIRANNSÓKNIR 1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 1989

VMST-V/89014X



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD**  
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

## 1. INNGANGUR.

Hér verður greint frá niðurstöðum fiskirannsóknna sem fram fóru í byrjun júní 1988 á Vatnsholtsvötnum á Snæfellsnesi. Markmið þessara rannsókna var að kanna vatnakerfið með tilliti til nýtingu fiskstofna og fiskræktarmöguleika á svæðinu. Engar skipulegar rannsóknir hafa áður verið gerðar á þessu svæði. Fyrr á árum var gerð tilraun til laxaræktar í Vatnsholtsvötnum og m.a. byggð stífla í útfalli vatnsins með móttöku á laxi í huga. Nú standa yfir tilraunir með hafbeitt á laxi og síðustu 2 árin hefur nokkur þúsund gönguseiðum verið sleppt á vorin í þessu skyni of hefur móttökuaðstaða verið reist rétt ofan við ós Urriðaár í þessu skyni.

## 2. UMHVERFI.

Vatnsholtsvötn liggja örstutt vestan við vatnasvæði Lýsu í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Þau samanstanda af tveimur vötnum. Vestara vatnið er stærra og er um 1 km að mestu lengd og 0,8 km að mestu breidd. Flatarmál þess er um 0,35 km<sup>2</sup>. Eystra vatnið er 0,8 km að mestu lengd og 0,5 km þar sem það er breiðast. Flatarmál þess er 0,18 km<sup>2</sup>. Vötnin eru því samtals 0,53 km<sup>2</sup> að stærð. Um dýpi er ekki nákvæmlega en bæði vötnin eru mjög grunn og víðast 1 - 2 m. Vötnin standa mjög lágt eða um 10 m yfir sjávarmáli. Trennsli er í vötnin af nokkrum lindalækjum sem sem koma undan hrauninu skammt fyrir ofan (Mynd 1). Frárennsli er um Urriðaá sem er um 1 km að lengd. Á neðsta hlutanum liggur Urriðaáin í skurði og neðst í honum hefur verið komið fyrir aðstöðu vegna sleppinga á gönguseiðum og móttöku á laxi.

Í vatnakerfinu er bæði staðbundin og sjógengin bleikja, urriði og sjóbirtingur og áll. Þess má geta er tilraunir stóðu yfir með laxarækt í Vatnsholtsvötnum var eittrað með jurtaeitrinu rotenone fyrir fisk og var þá állinn langalgengasta tegundin.

Nýting vatnanna er fremur lítil. Eitthvað er veitt á stöng og einnig er nokkur netaveiði stunduð af eigendum.

### 3. AÐFERÐIR.

Sýna var aflað af fiski með 2 aðferðum. Net með mismunandi möskvastærðum voru lögð í vestara vatnið. Eftirfarandi netastærðir voru notaðar: 10mm, 14mm, 15,5mm, 20mm, 22,5mm, 28,5mm, 30mm, 35mm og 39mm. Netasería þessi á að gefa allgóða mynd af fiski sem er 15 - 40 sm að lengd. Einnig var rafveitt í Urriðaá rétt neðan við útfall árinna úr vestari vatninu. Allur fiskur sem veiddist var lengdarmældur og vigtaður, kyn og kynþroski athugaður, fæða könnuð og teknar voru kvarnir og hreistur til aldursákvarðana.

Einnig var aðstaða til fiskeldis athuguð lítilsháttar. Þar var einkum um að ræða skoðun á lindalækjum sem falla í vatnið en við einn þeirra var áður starfrækt klakhús. Einnig var litið á þær framkvæmdir sem gerðar hafa verið fyrir ofan ós Urriðaár vegna tilrauna með hafbeit á laxi.

### 4. NIÐURSTÖÐUR.

#### 4.1. VATNSHOLTSVÖTN.

Netin voru einungis látin liggja 1 dag en hefðu einnig þurft að liggja yfir nótt til að veiðin væri betur marktæk. Afli í einstök net er sýndur í töflu 1.

#### TAFLA 1

Afli í netalagnir í Vatnsholtsvötnum 7.06.1988.

<u>Möskvastærð</u>	<u>Urriði</u>	<u>Bleikja</u>	<u>Alls</u>
10 mm	0	0	0
14 mm	0	3	3
15,5 mm	0	2	2
20 mm	0	6	6
22,5 mm	0	2	2
28,5 mm	0	0	0
30 mm	1	0	1
35 mm	0	7	7
39 mm	0	0	0
Alls	1	20	1

Bleikjan reyndist þannig í miklum meirihluta í vötnunum er sýnataka fór fram. Árstíminn getur þarna skipt máli. Bæði sjóbirtingur og sjóbleikja ganga til sjávar á vorin í fæðugöngu og um miðbik sumars eru þessir fiskar því ekki til staðar. Sýnataka að hausti gæfi því hugsanlega aðrar niðurstöður.

Bleikjan var 2 - 7 ára að aldri og var meirihluti hennar 4-7 ára á bilinu 20 - 35 sm. Vöxtur bleikjunnar var hraður fyrstu árin, en vöxturinn var mjög lítill eftir að bleikjan náði 5 ára aldri (Mynd 2). Mikill meirihluti bleikjunnar á bilinu 25-35 sm sýndi merki um kynþroska þannig að ljóst var að þessi fiskur myndi taka þátt í hrygningu um haustið. Bleikjan sem veiddist hafði aldrei gengið til sjávar enda sjóbleikja ekki til staðar á þessum árstíma.

Fæða bleikjunnar reyndist vera að mestum hluta vatnabobbar, en einnig varð vart við vorflugur og ána. Ekkert varð vart við rykmýslirfur og púpur sem er yfirleitt mjög algeng fæða á þessum árstíma. Kjöttlitur bleikjunnar var yfirleitt gulur en það er einkenni á bleikju sem leggur vatnabobba sér til munns. Fiskur sem étur vatnabobba er yfirleitt fremur bragðvondur og talað er um að "moldarbragð" sé af slíkum fiski.

Eini urriðinn sem veiddist var 44,5 sm og 1,3 kg að þyngd og reyndist hann 6 ára gamall.

Almennt séð er fiskstofn Vatnsholtsvatna ekki mjög þéttur og vatnið virðist í jafnvægi. Hiklaust ætti að nýta vötnin á svipaðan hátt og gert hefur verið bæði með stangveiði og netaveiði. Vötnin eru rúmlega 50 hektarar að stærð og sem þumalputtareglu má nota þá viðmiðun að veitt sé úr vatninu árlega sem samsvarar um 10 kg/ha og því er óhætt að veiða um 500 kg af silungi úr vötnunum ár hvert. Mælt er með að möskvastærðir neta við veiða verði 30 - 35 mm.

#### 4.2. URRÍÐAA.

Veitt var í Urriðaaánni skammt fyrir ofan veginn. Ain ber nafn með rentu þar sem nær eingöngu veiddust urriðaseiði í ánni (Mynd 3) og voru þau öll rúmlega árgömul. Ain nýttist til hrygningar fyrir urriðann sem virðist alast þar upp fyrstu 2 árin en getur síðan gengið til sjávar í fyrsta sinn eða upp í vötnin.

#### 5. FISKELDISMOGULEIKAR.

Aðstaða í og við Vatnsholtsvötn býður upp á tvenns konar möguleika til fiskeldis.

Í fyrsta lagi er ágæt aðstaða til hafbeitar til staðar. Hér verður ekki ítarlega fjallað um hafbeit, en bent á að hafbeit á þessu svæði er líklegust til að skila hvað bestum árangri ef framkvæmdin yrði með eftirfarandi hætti.

1. Valinn yrði stofn til hafbeitarinnar af þessu landsvæði t.d. frá vatnasvæði Lýsu eða Straumfjarðarár eða þróaðan hafbeitarstofn t.d. úr Lárósi. Hér er einnig bent á að samkvæmt nýlegri reglugerð er miðað við að hafbeitarstöðvar séu ekki nær laxveiðiam með yfir 100 laxa meðalveiði en 5 km. Vatnasvæði Lýsu er við bæjardyrnar og þyrfti því að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og verða þá veiðiréttaeigendur á þessu svæði að samþykkja slíkt.

2. Sleppa einungis litlu magni til tilrauna fyrstu árin meðan að séð er hvort endurheimtur séu nægilegar til að fyrirtækið sé arðvænlegt.

3. Ala einungis seiði undan þeim laxi sem endurheimtist í hafbeitinni til að auka ratvísi og endurheimtur.


4. Einnig er bent á að til að gönguseiði séu í takt við náttúruna á þessu svæði hvað varðar hitastig og birtu en þessir þættir eru ráðandi til að seiðin fari í göngubúning á réttum tíma að vorinu er hentugast að koma fyrir aðstöðu við Vatnsholtsvötn þar sem hægt er að taka seiði sem komin eru í lágmarksstærð (15 gr) ekki síðar en um áramót. Því þyrfti að

byggja eldisker þar sem seiðin væru geymd og fóðruð um nokkurra mánaða skeið, en síðan flutt um vorið niður að ós þar sem þau yrðu aðlöguð á venjulegan hátt síðasta mánuðinn fyrir sleppingu. Góð aðstaða er fyrir hendi til vetrar-geymslu í lindalækjunum fyrir ofan Vatnsholtsvatn. Slikt myndi einnig valda því að seiðaverði myndi lækka þar sem seiðin væri tekin miklu fyrr en áður úr eldisstöðinni og hafbeitareksturinn því mun vænlegri því verð seiða er stærsti kostnaðarliðurinn við hafbeitina. Ef óskað er er hægt að útfæra þessar hugmyndir frekar.

Í öðru lagi er möguleikar til bleikjueldis fyrir hendi. Sá eldisferill sem þar kæmi helst til greina er að nota það lindavatns sem fyrir hendi er til slíks eldis. Bleikjan vex vel við lágt hitastig og í 4 °C lindavatni gæti bleikjan vaxið töluvert á veturna. Á sumrin væri síðan æskilegast að láta lindavatnið hitna í tjörn áður en það yrði leitt í eldiskerin til að vöxtur yrði hraðari. Arósemi bleikjueldis er enn sem komið er alls ekki þekkt aðallega vegna óljósra markaðsmála. Á þessu stigi er því ekki hægt að mæla með slíku eldi nema í mjög litlum mæli án verulegra fjárfestinga. Meðfylgjandi er grein sem fjallar um bleikjueldi, forsendu, framkvæmd og hugsanlega arósemi.

MYND 1:


Kort af vatnasvæði Vatnsholtsvatna (ca 1: 10000).





MYND 2:

Aldur og vöxtur bleikju í Vatnsholtsvötnum 7.06.88.



MYND 3:

Lengdardreifing og aldur urriða og bleikju í Urriðaaá 7.06.88.

